

Sp. 879. Tillaga til þingsályktunar
um ábyrgð rikissjóðs fyrir rafveitu Húsavíkur.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Húsavíkurkaupþún, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, allt að 1½ millj. króna lán til að stækka rafveitu Húsavíkur, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði.

Jafnframt fellur niður ábyrgðarheimild sú fyrir láni til sömu framkvæmda, er ríkisstjórninni var veitt 3. des. 1943.

Greinargerð.

Hreppsnefnd Húsavíkurkaupþúns hefur leitað til Alþingis með ósk um, að ríkið hækkaði áður veitta ábyrgð vegna rafveitu Húsavíkur, þar sem dýrtíð hefur mjög aukizt síðan sú heimild var veitt. Fjárveitinganefnd hefur rætt málið við samgöngumálaráðherra og forstöðumann rafmagnseftirlits ríkisins. Telja þeir þessa ábyrgð eðlilega, eins og tilkostnaði er nú háttáð. Ber nefndin því fram tillögu þessa.